

ISSN 1670-5556

Vífill Karlsson og Einar Þorvaldur Eyjólfsson

Hagvísir - Vesturland

Fyrirtækjakönnun 2014

Skýrsla nr. 3 2015

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi

1 INNGANGUR

Í nóvember 2014 var framkvæmd spurningarkönnun meðal stjórnenda fyrirtækja og einyrkja á Vesturlandi. Könnunin var byggð upp á svipaðan hátt og spurningarkönnun sem framkvæmd var haustið 2013. Helsti hvatinn að þeirri könnun var viðkvæmt efnahagsástand og óljós skilaboð um stöðu atvinnulífsins samhliða takmörkuðum upplýsingum um fyrirtæki í einstökum landshlutum á Íslandi. Leitast var eftir upplýsingum um afkomu þátttakenda til lengri og skemmri tíma sem og stöðu ýmissa rekstrarlegra þátta. Einnig voru þátttakendur spurðir að því hvort ætlunin væri að fjölga eða fækka starfsfólki innan fyrirtækjanna og hvort að þörf væri á starfsfólki með ákveðna menntun.

Niðurstöður úr könnuninni gefa Atvinnuráðgjöf Vesturlands, sveitarstjórnarmönnum á Vesturlandi og öðrum sem huga að atvinnuuppbyggingu á Vesturlandi, vísbendingu um hvar skórinn kreppir að og mögulega hvernig best sé að styðja við frekari vöxt á svæðinu.

AÐFERÐ OG ÞÁTTTAKENDUR

Spurningarkönnunin var vefkönnun og var hún send út til 1011 fyrirtækja á Vesturlandi og svöruðu 342, sem telst nokkuð gott þar sem um nánast þriðjung allra fyrirtækja er að ræða.


Svör bárust frá fyrirtækjum sem starfa í ólíkum atvinnugreinum en alls töldust þær tuttugu og tvær. Flest fyrirtæki störfuðu í landbúnaði (27%), fiskveiðum (9%), verslun (8%), byggingariðnaði (7%) og hótél og gistingu (7%).

Þátttakendurnir í könnuninni dreifðust um allt Vesturland. Af þeim sem gáfu upp staðsetningu voru flestir í Borgarbyggð og fæstir í Skorradalshreppi og Helgafellsveit eins og sjá má í næstu mynd.

Árið 2013 tóku aðeins 177 fyrirtæki þátt í könnuninni sem er 165 færri en árið 2014. Í ár


var sú nýbreytni að ráðist var í sérstakt átak til að ná bændum og smábátasjómönnum með og við það stækkaði þátttökulistinn úr 698 í 1011 fyrirtæki.

2014



Hins vegar tóku bændur betur við sér en smábátasjómenn og þess vegna er þátttaka eftir svæðum sýnd myndrænt (fyrir ofan) hér með og án bænda.

2013



Til samanburðar höfum við þátttöku eftir svæðum árið 2013 (myndin fyrir ofan). Þátttakan 2014 jókst hlutfallslega mun meira en sem nemur stækkun þátttökulistans og því ber að fagna og þakka fyrirtækjum á Vesturlandi fyrir góðar undirtektir. Sennilega liggur ástæðan í því að reynt var að hafa könnunina umfangsminni nú.


2 STAÐA FYRIRTÆKJA

Fyrirtæki á Vesturlandi virðast standa nokkuð vel samkvæmt könnun sem gerð var meðal fyrirtækja á Vesturlandi og greint var frá í síðustu Glefsu. Staðan er hlutfallslega best á Akranesi og í Hvalfirði þegar horft er til allra mælikvarða: EBITDA sem og hagnaðar bæði til skemmri og lengri tíma.


Þetta er viðsnúningur frá könnuninni í fyrra þar sem fyrirtæki í Dölunum komu áberandi best út. Í raun koma öll svæðin verr út í þessari könnun nema fyrirtækin á Akranesi og í Hvalfirði. Það verður trúlega rakið til þess að fyrirtæki í landbúnaði og útgerð smábáta voru ekki nógu mörg í fyrra. Við það, sem og vegna betri þátttöku almennt, virðist afkoman versna þar sem vigt þessara fyrirtækja er allnokkur eins og í Dölunum, Borgarfirði og á Snæfellsnesi. Betri afkoma á Akranesi og í Hvalfirði er sennilega vísbending um að afkoma fyrirtækja sé almennt að lagast um land allt þar sem atvinnugreina-skipting þátttakenda breyttist ekki mikið á því svæði. Almennt betri þátttaka kann að útskýra þetta líka eins og áður sagði.

Frekari tölfræðigreining á svörum við spurningunum leiddi í ljós að fiskvinnsla virðist koma best út hvort sem litið er til lengri eða skemmri tíma. En þá ber að hafa í huga að fiskvinnsla á Vesturlandi telst yfirleitt til blandaðrar útgerðar – þ.e. fyrirtæki sem byggja bæði á fiskvinnslu og bátaútgerð – og því mikill minnihluti fiskverkenda sem ekki rekur báta að auki.


Hver var hagnaður (tap) á síðasta starfsári?



Hver var EBITDA á síðasta starfsári?



Hver hefur afkoma (hagnaður/tap) fyrirtækisins verið undanfarin ár 5-10 ár?




3 VÆNTINGAR

Fyrirtæki á Vesturlandi eru bjartsýn þegar horft er til svara við spurningum sem lúta að væntingum þeirra um framtíðina samkvæmt könnun sem gerð var meðal fyrirtækja á Vesturlandi og greint var frá í síðustu Glefsu. Það voru spurningar um breytingu á starfsmannafjölda, fjárfestingar, framtíðartekjur og aðstæður í efnahagslífinu.


Tæplega fjórðungur fyrirtækja á Vesturlandi telja að starfsmönnum þeirra eigi eftir að fjölga lítið eitt á næstu 12 mánuðum. Um 69% fyrirtækja sjá fyrir sér óbreyttan fjölda starfsmanna en tæplega 7% sjá fyrir sér fækkun starfsmanna, þar af eru um 1% fyrirtækja sem gera ráð fyrir að starfsmönnum eigi eftir að fækka mikið. Samkvæmt þessu sjá miklu fleiri fyrirtæki á Vesturlandi fyrir sér fjölgun starfa (23%) frekar en fækkun. Þetta er betri útkoma en í fyrra þegar spurt var um það sama. Ekki er stór munur á milli svæða innan Vesturlands. Athygli skal vakin á því að könnunin fór fram á haustmánuðum 2014. Nýlegir kjarasamningar gætu hafa haft áhrif á afstöðu forsvarsmanna fyrirtækja að þessu leyti.

Fyrirtæki í Dölunum virðast vera bjartsýnni en á öðrum svæðum Vesturlands ef frá er talið hvort menn sjái aðstæður í efnahagslífinu eigi almennt eftir að verða betri eða verri. Nánari greining gaf til kynna að það verði rakið til samsetningar þeirra fyrirtækja sem tóku þátt fremur en landsvæðisins sjálfs. Fram kemur að ferðaþjónusta hyggst fjölga fólki og fjárfesta. Einnig hyggur landbúnaður á fjárfestingar. Þá telur byggingariðnaður tekjur sínar fara hækkandi. Útgerðarfyrirtæki eru heldur svartsýn þegar spurt var út í aðstæður í efnahagslífinu.


Telur þú að starfsmönnum hjá fyrirtækinu eigi eftir að fjölga eða fækka á næstu 12 mánuðum?




Hvort telur þú að fyrirtækið eigi eftir fjárfesta eða draga saman seglin á næstu 12 mánuðum?



Telur þú að heildartekjur ársins 2013 verði meiri, svipaðar eða minni en árið 2012?



**Telur þú að aðstæður í efnahagslífinu
eigi eftir að verða betri, óbreyttar eða
verri eftir 12 mán.?**



4 MENNTUN VINNUAFLS


Lengi hefur leikið forvitni á að vita hvers vegna menntunarstig er töluvert lægra á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Vísbendingar komu fram í Hagvísi um Vinnumarkað Vesturlands árið 2010 að arðsemi menntunar væri lakari á Vesturlandi en á höfuðborgarsvæðinu vegna launamismunar. En hvers vegna er það? Gæti það verið vegna þess að eftirspurn eftir menntuðu vinnuafla er bara svo lítil á Vesturlandi – að það vantaði einfaldlega ekki menntað vinnuafl á Vesturlandi?

Þess vegna voru þátttakendur könnunarinnar meðal annars spurðir að því hvort að fyrirtækjunum vantaði á þessum tímapunkti starfsfólk með einhverja ákveðna menntun.

Niðurstöðurnar benda til þess að töluverð eftirspurn sé eftir menntuðu vinnuafla á Vesturlandi en alls nefndu 85 fyrirtæki að þau hefðu þörf fyrir starfsfólk með ákveðna menntun. Ekki var tilgreindur fjöldi starfsmanna með viðkomandi menntun þannig að eftirspurnin gæti verið meiri en sem þessari tölu nemur. Þess vegna ber að taka tölunum með ákveðnum fyrirvara. Þar sem 25-30% fyrirtækja á Vesturlandi tóku þátt í könnuninni má búast við að eftirspurnin sé a.m.k. þrefalt meiri ef þátttakan dreifist nokkuð jafnt eftir atvinnugreinum. Það er því ljóst að þörf fyrir menntað vinnuafl á Vesturlandi er mikil.


Meirihluti þeirra fyrirtækja sem hefur starfsstöðvar á fleiri en einum stað á Vesturlandi eða 56%, töldu sig hafa þörf fyrir starfsfólk með ákveðna menntun. Um 35% fyrirtækja á Akranesi og í Hvalfjarðarsveit töldu sig hafa þörf fyrir sérmenntað starfsfólk og á Borgarfjarðarsvæðinu og Snæfellsnesi var hlutfallið svipað eða 21 og 22% (sjá næstu mynd). Um 13% fyrirtækja í Dölum töldu sig hafa þörf fyrir starfsfólk með ákveðna menntun.

Telur þú að fyrirtækið vanti núna starfsfólk með ákveðna menntun?



Þegar þátttakendur voru spurðir hvers kyns menntun væri helst vöntun á inni fyrirtækin var iðn- og tæknimenntun oftast nefnd (sjá næstu mynd fyrir neðan). Þá var starfsfólk með kennaramenntun næst oftast nefnt og þar á eftir kom menntun í ferðaþjónustufræðum og almenn háskólamenntun. Einnig var vöntun á starfsfólki með heilbrigðismenntun, búfræðimenntun og menntun í viðskipta- og tölvufræðum og markaðsmálum. Þá nefndu þátttakendur þörf á starfsfólki með menntun í raungreinum auk þess sem nokkrir nefndu vöntun á starfsfólki með annarskonar menntun en talin hefur verið upp hér að ofan.

Hvaða menntun vantar í fyrirtækið?



Alls voru 32 fyrirtæki sem töldu sig vanta starfsfólk með iðn- og tæknimenntun. Almenn iðnmenntun var oftast nefnd eða átta sinnum.

Þörf fyrir starfsfólk með menntun í upplýsingatækni (tölvumenntun) var nefnd fjórum sinnum og vöntun á fólki með tækni- menntun og vélfræði var nefnd þrisvar sinnum. Í tvígang var nefnd þörf fyrir starfsfólk með menntun í rafíðn, málmíðn og matvælaiðn auk þess sem tveir aðilar höfðu þörf fyrir starfsfólk með vinnuvélaréttindi. Önnur iðn- og tækni- menntun sem var nefnd var pípulagningar, byggingatæknifræði/tækniteiknun, hársnyrting, mjólkurfræði, tækniteiknun og sérhæfð iðn- og verkmenntun í fisk- eða matvælaiðnaði.

Þátttakendur nefndu 11 sinnum þörf fyrir starfsfólk með kennaramenntun. Helst var vöntun á starfsfólki með leikskólamenntun en hún var nefnd fjórum sinnum. Einnig var nefnd þörf fyrir framhaldskólakennara (raungreinar), tónlistarkennara, uppeldisfræðinga, sérkennslu- kennara, náms- og starfsráðgjafa, frístunda- fulltrúa og almenna kennara.

Þá nefndu fyrirtækin átta sinnum þörf á starfsfólki með menntun á sviði ferðaþjónustu. Helst tengdist þörfin veitingarekstri; nefndir voru þrjár þjónar og tveir kokkar. Þá nefndu tvö fyrirtæki vöntun á starfsfólki með menntun í ferðaþjónustufræðum og eitt fyrirtæki taldi sig hafa þörf fyrir leiðsögumann.

Alls nefndu fyrirtækin þörf fyrir starfsfólk með háskólamenntun átta sinnum. Fimm aðilar nefndu almenna háskólamenntun án sérstakrar sérhæfingar. Einn þátttakandi nefndi vöntun á starfsmanni með doktorsgráðu, annar nefndi embættispróf og sá þriðji nefndi menntun á sviði minjavörslu.

Mörg fyrirtæki nefndu þörf á fólki með menntun á heilbrigðissviði. Þrjú fyrirtæki nefndu þörf fyrir starfsfólk með þroskaþjálfamenntun. Eitt fyrirtæki hafði þörf fyrir starfsfólk með menntun í iðjuþjálfun, annað nefndi hjúkrunarfræðing og þriðja lyfjatækni. Þá kom einnig fram þörf fyrir sérhæfða heilbrigðismenntun.

Fjögur fyrirtæki vantaði búfræðinga. Tvisvar var almenn búfræðimenntun nefnd auk þess sem

tveir aðilar nefndu vöntun á starfsfólki með menntun í skógfræðum og í reiðmennsku.

Þá kom fram þörf fyrir þekkingu á sviði markaðsmála. Tvö fyrirtæki vantaði fólk með menntun í markaðsfræðum og eitt fyrirtæki í sölu- og markaðsmálum.

Einnig voru þrjú fyrirtæki sem höfðu þörf fyrir menntað starfsfólk á sviði viðskipta- og tölvu- fræði. Tvö þeirra vantaði starfsfólk með verslunarpróf og eitt fyrirtæki aðila með tölvu- og bókhaldsmenntun.

Auk þess höfðu þrjú fyrirtæki þörf fyrir starfsfólk með raungreinamenntun. Eitt fyrirtæki vantaði aðila með líffræðimenntun, annað fyrirtæki vantaði sjávarlíffræðinga og það þriðja aðila með almenna raungreinamenntun.

Þá nefndu fyrirtækin þörf fyrir starfsfólk með þjónustumenntun, meirapróf og góða tungu- málakunnáttu.